

Framboð til stjórnar SI

Ég hef nú í eitt ár verið varamaður í stjórn Samtaka iðnaðarins og fengið góða innsýn í verkefni stjórnar og aukinn skilning á hlutverki samtakanna. Þetta ár hefur verið krefjandi öllum rekstri en ég tel óhætt að segja að flestum fyrirtækjum er aðild eiga að samtökunum hafi tekist að halda úti góðri starfsemi, veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu og heildin hefur sýnt fram á að íslenskur iðnaður er bæði sterkur og sveigjanlegur.

Að mínu mati stendur tvennt upp úr á liðnu ári; menntamál og kjaramál. Mikið var fjallað um menntamál iðngreina á árinu í kjölfar sjónvarpsþáttar á RÚV og náði sú umræða svo langt að reifað var hvort jafnvel ætti að leggja niður sveinsprófið. Ég sé ekki hver tilgangurinn getur verið með því. Gott iðnnám með staðfestingu á við sveinspróf er undirstaða og staðfesting gæða íslensks iðnaðar og hornsteinninn í alþjóðlegri samkeppni.

Kjaramálin voru í brenndidepli þegar kom að því að ákveða hvort s.k. „lífskjarasamningum“ skyldi sagt upp f.h. atvinnurekenda. Ekki þóttu mér samtök okkar fá mikið út úr því fjölmiðlabrölti sem upphófst í lok september og lauk með því að ekkert var aðhafst. Það er rétt að halda því ávallt og alls staðar til haga að allar forsendur fyrir þessum samningum hafa breyst og voru þær samt haldlitlar fyrir. Lítil og meðalstór fyrirtæki ráða illa við umsamdar launahækkningar og neyðast oftast en ekki til að grípa til sársaukafullra hagræðingaraðgerða, afleggja ýmsa framleiðslu/starfsemi og segja upp góðu starfsfólki. Vil ég því endurtaka það sem ég sagði fyrir um ári er ég bauð mig fram til stjórnar Samtaka iðnaðarins; slaginn þarf að taka fyrir eða síðar. Fyrirtækin verða að finna að hagsmuna þeirra sé gætt við samningaborðið og mótstaðan sé raunveruleg.

Annað mál sem mér sýnist að ekki geti beðið öllu lengur að tekið sé á eru sívaxandi þyngsl hins svokallaða „bákns“ í öllum rekstri. Alltof margir opinberir embættismenn lifa nú af því að hafa eftirlit með oft á tíðum ónauðsynlegum hlutum. Sífelldu eru samdar nýjar reglugerðir sem kalla á heimsóknir embættismanna, úgáfu leyfa og stöðuga endurnýjun þeirra, oft án sýnilegrar tengingar við raunveruleikann, sem og eftirlit sem embættismenn oft með takmarkaðan skilning á eðli rekstrar virðast hafa í höndum sér hversu smásmugulegt er. Öllu þessu fylgja mikil fjárútlát fyrirtækja. Við þetta verður ekki lengur búið og tímabært er að stappa niður fótum og mót mæla.

Ætli Samtök iðnaðarins að hafa breiða skírskotun til fyrirtækja í landinu og telja sig geta verið fulltrúa allra er nauðsynlegt að forsvarsmenn samtakanna taki tillit til þarfa og sjónarmiða lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Fyrirtækja sem eru rekin af eigendum sínum og byggð upp af þeim frá grunni. Hinn sjálfstæði atvinnurekandi verður að finna að hann eigi skjól í samtökum sem þessum og að á hann sé hlustað. Lykilinn að samstöðu innan samtaka er skilningur á milli mismunandi

fyrirtækja. Nauðsynlegt er því að samsetning stjórnar Samtaka iðnaðarins endurspegli fjölbreytileika samtakanna og að sem flestar greinar hafi fulltrúa í stjórn. Það er ákaflega nauðsynlegt að svo sé á meðan það er í reynd ónauðsynlegt að ein atvinnugrein sem finnst innan samtakanna hafi margar raddir við stjórnarborðið. Raddir sem flestra verða að fá að hljóma, annars er tilgangslaust að tala um samtök.